

# Starfsáætlun almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins

2019–2022



Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

Febrúar 2019





## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Skipan almannavarnanefndar .....	4
2. Markmið og hlutverk almannavarnanefndar .....	5
2.1 Helstu hlutverk nefndarinnar .....	5
2.2 Framvinda í takt við almannavarnahringrásina .....	6
2.3 Fundir nefndarinnar .....	6
3. Hættumat og áfallaþol .....	7
4. Viðbragðsáætlanir .....	8
5. Skipulag almannavarna á höfuðborgarsvæðinu .....	9
5.1 Aðgerðastjórnstöð .....	9
5.2 Aðgerða- og vettvangsstjórn .....	9
5.3 Önnur verkefni .....	10
5.4 Fræðsla og forvarnir til almennings .....	10
5.5 Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna á landsvísu .....	10
6. Neyðarstjórnir sveitarfélaganna .....	11
6.1 Vinnuhópur neyðarstjórna .....	11
7. Þjónustumiðstöð .....	13
8. Hjálparstarf og hjálparlið .....	13
9. Valdheimildir á hættustundu .....	14
10. Skipting kostnaðar vegna almannavarna .....	14
11. Framkvæmdaáætlun .....	15
2019 - 2022 .....	15
2019 .....	16
2020 .....	16
2021 .....	17
2022 .....	17





## Inngangur

Í starfsáætlun almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins er lagður farvegur fyrir þau verkefni sem sveitarfélögunum er falið að sinna samkvæmt lögum um almannavarnir.

**Helstu hlutverk almannavarnanefndarinnar eru eftirfarandi:**

- stefnumótun
- gerð og endurskoðun hættumats
- könnun á áfallapoli svæðisins
- gerð og endurskoðun viðbragðsáætlana
- forvarnir sem felast m.a. í áhættu minnkandi aðgerðir

Mikilvægt er að vinna þessi verkefni í nánú samstarfi við ríkislögreglustjóra en hann hefur umsjón með því að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum. Ríkislögreglustjóri hefur einnig eftirlit með skipulagi almannavarna á landinu öllu, almannavörnum sveitarfélaga og gerð hættumats í samráði við almannavarnanefndir.

Starfsáætlunin gildir fyrir núverandi kjörtímabil sveitarfélaga sem lýkur árið 2022, með fyrirvara um breytingar sem kann að vera nauðsynlegt að gera. Þá er sérstaklega horft til endurskoðunar á núverandi hættumati. Fram undan eru miklar áskoranir sem þarf að glíma við og má þar sérstaklega nefna afleiðingar loftlagsbreytinga.



# 1. Skipan almannavarnanefndar

Ríkið fer með almannavarnir á landinu öllu, hvort heldur sem er á landi, í lofti eða á sjó. Sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, svo sem fram kemur um í lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

Í 9. gr. laga um almannavarnir er kveðið á um tilvist almannavarnanefnda og skipan í þær með eftirfarandi hætti:

- Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórnin fjölda nefndarmanna.
- Almennavarnanefnd skal skipuð lögreglustjóra þess umdæmis sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara.
- Almennavarnanefnd kys sér sjálf formann og varaformann.
- Sveitarstjórnnum er heimilt að koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd.
- Sameining almannavarnanefnda eða samstarf þeirra er háð staðfestingu ráðherra.

Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær og Kjósarhreppur, standa að almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS).

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins er skipuð einum kjörnum fulltrúa frá hverri sveitarstjórn auk framkvæmdastjóra sveitarfélaganna og tveir varamenn eru skipaðir af sveitarstjórnnum. Formaður nefndarinnar er borgarstjóri í Reykjavík og varaformaður er bæjarstjóri í Hafnarfirði. Lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu á sæti í nefndinni og á þar varafulltrúa. Í nefndinni eru einnig áheyrnarfulltrúar frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Rauða krossinum á Íslandi sem eiga varafulltrúa.

Starfsmenn almannavarnanefndarinnar eru framkvæmdastjóri og deildarstjóri. Þeir sitja báðir fundi nefndarinnar og starfa að verkefnum hennar á milli funda.





## 2. Markmið og hlutverk almannavarnanefndar

Markmið almannavarna er að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið. Í þessari starfsáætlun er lagður farvegur fyrir þau verkefni sem sveitarfélögunum er falið að sinna samkvæmt lögum um almannavarnir.

Þegar atvik/hamfarir eiga sér stað er það hlutverk almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra að vera á vaktinni, upplýsa lögreglustjóra viðkomandi umdæmis um stöðu mála og veita upplýsingar um þróun atburðar. Síðan er það lögreglustjóra viðkomandi umdæmis að miðla þeim upplýsingum til viðkomandi almannavarnanefnda. Aðgerðarstjórn umdæmis sér um að stýra aðgerðum og upplýsa eftir þörfum almannavarnanefnd og neyðarstjórnir sveitarfélaganna.

### 2.1 Helstu hlutverk nefndarinnar

Í 10. gr laganna segir m.a. að almannavarnanefnd skuli móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög um almannavarnir. Helstu hlutverk hennar eru eftirfarandi:

- Fara með almannavarnir í héraði í samvinnu við ríkisvaldið (2. gr.).
- Gera hættumat í samvinnu við ríkislögreglustjóra (16. gr.).
- Gera viðbragðsáætlanir í samvinnu við ríkislögreglustjóra (16. gr.).
- Veita þjónustumiðstöð lið við miðlun upplýsinga og þjónustu (14. gr.).
- Kanna áfallapol í umdæminu í samvinnu við ríkislögreglustjóra (16. gr.).
- Endurskoða viðbragðsáætlanir á svæðinu eins og nauðsyn krefur. Allar áætlanir á að endurskoða á tilgreindum tíma. (17. gr.).
- Endurskoða hættumat og gera prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra (10. gr.).
- Skipa fulltrúa almannavarnanefndar í aðgerðastjórn umdæmisins þegar almannavarnaástand ríkir (11. gr.).
- Almennavarnanefnd eða viðbragðsaðili almannavarna getur óskað eftir því að samhæfingar- og stjórnstöð annist stjórn aðgerða vegna tiltekinnar hættu (13. gr.).

- Ráðuneyti og sveitarfélög, þar með taldar undirstofnanir þeirra, skulu veita hinni tímabundnu þjónustumiðstöð lið við miðlun upplýsinga og þjónustu. Haft skal samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um starfsemi þjónustumiðstöðvar (14. gr.).
- Ef tekin er ákvörðun um tímabundna stofnun og rekstur þjónustumiðstöðvar skal almannavarnanefndin annast samskipti við fjölmiðla vegna aðgerða sem gripið er til hverju sinni í samvinnu við þjónustumiðstöðina (14. gr.).
- Sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallapol í umdæmi sínu. Þessar áætlanir skulu gerðar í samvinnu við almannavarnanefndina (16. gr.).
- Sveitarfélög skulu staðfesta viðbragðsáætlanir sínar og senda þær ríkislögreglustjóra. Þessar áætlanir skulu unnar í samvinnu við almannavarnanefndina (17. gr.).
- Þegar viðbragðsáætlun hefur verið staðfest og afhent ríkislögreglustjóra skal hún æfð eftir því sem frekast er kostur. Ríkislögreglustjóri, almannavarnanefndir, viðbragðsaðilar almannavarna, stofnanir ríkis og sveitarfélaga og einkaaðilar sem hafa hlutverki að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi skulu taka þátt í æfingu viðbragðsáætlunar eftir því sem þurfa þykir (17. gr.).
- Það er borgaraleg skylda þeirra sem eru á aldrinum 18–65 ára að gegna á hættustundu, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi þar sem þeir dveljast samkvæmt fyrirmælum er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar eða ríkislögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til ráðherra (19. gr.).
- Ríkislögreglustjóri hefur ákvörðunarvald um flutning þeirra manna sem kvaddir hafa verið til tafarlausrar aðstoðar í þágu almannavarna. Ef fjöldi manns eða hjálparlið er flutt á milli umdæma skal haft samráð við lögreglustjóra og almannavarnanefnd (20. gr.).
- Rannsóknarnefnd almannavarna skal að loknu hættuástandi rannsaka þær viðbragðsáætlanir sem stuðst var við og viðbrögð viðbragðsaðila, þar á meðal vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar, samhæfingar- og stjórnstöðvar, lögreglu, slökkviliðs, landhelgisgæslu og almannavarnanefnda (28. gr.).
- Skýrslan skal kynnt hlutaðeigandi almannavarnanefnd og sveitarstjórnnum og birt opinberlega að virtum ákvæðum 31. gr. og ákvæðum upplýsingalaga (29. gr.).



## 2.2 Framvinda í takt við almannavarnahringrásina


Almannavarnahringrásin lýsir verkefnum almannavarna. Fyrir atvik/hamfarir er unnin stefna og áætlanir, gert hættu- og áhættumat og áhættuminnkandi aðgerðir framkvæmdar ásamt því að viðbúnaður er styrktur með gerð viðbragðsáætlana. Í viðbragðinu taka viðbragðsaðilar við og sinna þeim verkefnum sem þarf að sinna. Það sem við kemur sveitarfélögunum er aðallega í höndum neyðarstjórna sveitarfélaganna á svæðinu. Eftir atvik/hamfarir er hlutverk sveitarfélaganna einnig mikilvægt hvort sem það er viðvarandi aðstoð í kjölfar atviks/hamfara eða endurreisn samfélagsins. Rætt er um neyðarstjórnir sveitarfélaganna í kafla 6.

Helsta hlutverk almannavarnanefnda er stefnumótun og skipulagning starfs eins og fram hefur komið. Mikil áhersla er lögð á forvarnir og undirbúningsaðgerðir, svo sem gerð og endurskoðun hættumats í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

## 2.3 Fundir nefndarinnar

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins fundar að lágmarki fjórum sinnum á ári, í febrúar, apríl, september og nóvember, en oftast ef þörf krefur. Einnig er boðið upp á stutta fræðslufyrirlestra einu sinni til tvisvar á önn.

## Almannavarnahringrásin







### 3. Hættumat og áfallapol

Samkvæmt lögum um almannavarnir skulu almannavarnanefndir vinna að gerð hættumats í umdæmum sínum ásamt því að meta áfallapol.

Höfuðborgarsvæðið er stórt, íbúafjöldi er mikill á svæðinu og starfsemi margþætt. Gerð hættumats þar er því viðamikil verkefni og felur í sér úttekt á helstu hættum sem stöðja að íbúum, eignum og umhverfi. Með hættum er hér átt við óvænta atburði sem geta átt sér stað og haft neikvæðar afleiðingar.

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins hefur fjórum sinnum látið gera áhættugreiningu á höfuðborgarsvæðinu frá því að hún var stofnuð:

- |      |  |
|------|--|
| 2002 | Áhættugreining fyrir höfuðborgarsvæðið, skýrsla um undirbúning áhættumats.                               |
| 2005 | Sviðsmyndagreining.  |
| 2011 | Áhættumat fyrir höfuðborgarsvæðið. Áhættumat fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig ásamt heildaráhættumati. |
| 2014 | Hættumat fyrir höfuðborgarsvæðið.  |

Í kjölfarið á hættumatinu 2011 var farið í nánari skoðun á þeim áhættuþáttum sem fengu hæsta einkunn og ráðist í áhættuminnkandi aðgerðir. Mikið hefur áorkast í þeirri vinnu en enn er nokkuð eftir. Hluti af henni er að skoða verkefni í tengslum við gróðurelda, meðferð hættulegra efna og gerð viðbragðsáætlana, svo eitthvað sé nefnt.

Verkefni:

- Halda áfram með áhættuminnkandi aðgerðir til að draga úr þeim hættum sem hættumatið 2014 tók til.
- Endurskoða hættumat frá 2014. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en á síðasta ári tímabilsins eða 2022.
- Áhrif loftslagsmála í viðtækum skilningi verða tekin inn í nýtt hættumat og m.a. skoðuð áhrif öfga í veðráttu.
- Kortleggja helstu svæði sem verða illa úti í vatnsveðrum, huga að fráveitumálum og fá þá aðila sem sinna þeim að borðinu. Endurmeta líkur og afleiðingar af flóðum, yfirfara viðbúnað og þann búnað sem til er og kanna þörfina á frekari búnaði.
- Kortleggja möguleg áhrif af árásum á samfélag okkar af völdum hryðjuverka og annarra manna verka, t.d. netárása á mikilvægar stofnanir sem verða að vera með órofna starfsemi.



## 4. Viðbragðsáætlanir

Markmiðið með gerð viðbragðsáætlunar er að gera sveitarfélagið, stofnunina, fyrirtækið eða þann aðila sem í hlut á betur í stakk búinn til að takast á við ástand sem getur skapast vegna aðsteðjandi hættu og draga úr truflunum sem geta orðið á mikilvægri starfsemi. Áætlunin á að tryggja að ákvarðanir verði markvissar, að mikilvægar ákvarðanir verði ekki útundan, að starfsfólk sé kallað út og að búnaður sé til staðar og hægt að grípa tímanlega til hans. Áriðandi er að allir hlutaðeigandi aðilar þekki og skilji mikilvægi áætlana og leggi sitt af mörkum við gerð þeirra. Sveitarfélög búa yfir staðarþekkingu sem er nauðsynleg forsenda þess að viðbragðsáætlanir taki mið af aðstæðum á hverjum stað, tækjakosti og mannafla.

**Gróflega er hægt að skipta viðbragðsáætlunum í eftirfarandi þrjá flokka:**

- Landsdekkandi áætlanir
- Almennar áætlanir
- Sértekur áætlanir

Almenn áætlun snýst um vettvang, almenning eða marga aðila í einu, t.d. rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið. Sértek áætlun snýr aftur á móti að einu fyrirtæki eða stofnun, t.d. hvernig stofnunin ætlar að halda órofinni starfsemi við ákveðna vá. Við gerð góðrar viðbragðsáætlunar verður að kortleggja þau verkefni sem sveitarfélagið sér um og hverjum þeirra sé nauðsynlegt að halda gangandi með órofinni starfsemi. Kortlagningin á að innihalda mat á því hvaða áhættu sveitarfélagið getur fallist á og hún er byggð á hættumati viðkomandi sveitarfélags.



Eins og áður hefur komið fram er fjallað í 16. gr. laga um almannavarnir, nr. 82/2008, um skyldur sveitarfélaga til að gera viðbragðsáætlanir:

*„Sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallaþol í umdæmi sínu. Þá skulu almannavarnanefndir, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, gera viðbragðsáætlun í samræmi við hættumat í umdæmi þeirra. Um efni viðbragðsáætlana fer skv. 15. gr.“*

**Verkefni:**

**Áætlanir sem þarf að vinna á tímabilinu:**

- Hópslysaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Viðbragðsáætlun sveitarfélaganna, neyðarstjórnir.

**Áætlanir sem uppfæra þarf á tímabilinu:**

- Hvalfjarðargöng.
- Heimsfaraldur influensu á landsvísu og sveitarfélagsvísu.
- Reykjavíkurlflugvöllur.
- Viðbragðsáætlun sóttvarna – hafnir og skip.

**Æfingar og endurskoðanir á tímabilinu:**

- Áætlanir séu æfðar samkvæmt áætlun með öllum tilheyrandi aðilum.
- Áætlanir séu yfirfarnar samkvæmt áætlun og nýjar unnar eftir þörfum.
- Boðunarlistar séu uppfærðir eins oft og þörf krefur, að minnsta kosti árlega.

Mikilvægt er að sjá til þess að áætlanir á svæðinu séu með endurskoðunarákvæði og að þær séu endurskoðaðar samkvæmt þeim.



## 5. Skipulag almannavarna á höfuðborgarsvæðinu

Almannavarnanefndin skal skipa fulltrúa í aðgerðastjórn sem er fulltrúi nefndarinnar í starfsemi aðgerðastjórnar þegar upp kemur almannavarnaástand. Helsta hlutverk almannavarnanefndarinnar þegar búið er að lýsa yfir almannástandi er að koma að rekstri þjónustumiðstöðva. Sveitarfélögin sjálf gegna stóru hlutverki í almannavarnaástandi í takt við almannavarnahringrásina og neyðarstjórnir þeirra. Sveitarfélögin þurfa að vera meðvituð um að veita hvert öðru aðstoð ef á þarf að halda, því ekki er ólíklegt að það reyni mismikið á þau og þá verkþætti sem eru á þeirra ábyrgð.

Mikilvægt er að sveitarfélögin samræmi aðgerðir í gegnum almannavarnanefnd og aðgerðastjórn í takt við viðbragðsáætlanir og hefðbundið verklag því ekki er hjá því komist að almenningur lítur á höfuðborgarsvæðið sem eitt svæði sem skal veita samræmda þjónustu.

### 5.1 Aðgerðastjórnstöð

Haustið 2016 var tekið í notkun nýtt 180 fm húsnæði fyrir aðgerðastjórn (AST) höfuðborgarsvæðisins í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð.

Aðgerðastjórnstöðin verður nýtt í daglegu starfi sem og við almannavarnaástand. Þannig er stefnt að því að vakthafandi innri stjórnendur frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu verði með aðstöðu í rýminu allan sólarhringinn allan ársins hring. Frá því AST var tekin í notkun er tilfinning þeirra viðbragðsaðila sem koma að aðgerðastjórn sú að samstarf viðbragðsaðila hafi aukist og batnað sem hefur þau áhrif að þjónusta við borgara verður betri.

Í stjórnstöðinni eru og verða gögn um helstu tengiliði, kort, allar viðbragðsáætlanir og annað efni, líkt og lög og reglugerðir, handbækur, leiðbeiningabæklingar og fleira.

### 5.2 Aðgerða- og vettvangsstjórn

Almannavarnanefndin og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þurfa að skapa umgjörð um hvernig samstarfi þeirra er háttað í neyðarástandi og ekki síður þegar endurreisnarstarf er hafið. Endurreisn sveitarfélaga hefst að mörgu leyti samhliða björgunaraðgerðum.

Í lögum um almannavarnir segir í 11. grein:

*„Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð, sbr. 12.gr.*

*Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.“*

Almannavarnanefnd hefur ákveðið að fulltrúi nefndarinnar í aðgerðastjórn komi frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Sá fulltrúi sér til þess að viðbragðsaðilar séu fengnir að borðinu þegar viðbragðsáætlanir eru unnar fyrir svæðið ásamt því að kynna áætlanir og ákvarðanir almannavarnanefndarinnar fyrir aðgerðastjórn.

Í aðgerðastjórn eru því, auk Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúar frá svæðisstjórn björgunarsveita, svæði 1, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu.

Aðgerðastjórn er tengiliður við neyðarstjórnir sveitarfélaganna í aðgerðum. Aðgerðastjórn upplýsir neyðarstjórnir um stöðu mála og aðstoðar eftir þörfum. Neyðarstjórnir upplýsa aðgerðastjórn og aðstoða eftir þörfum.

Ef þörf er á er fulltrúi sveitarfélags eða sveitarfélaga kallaður til aðstoðar í aðgerðastjórn.

Verkefni aðgerðastjórnar eru meðal annars að auka reynslu og þekkingu þeirra sem í henni starfa með fræðslu og æfingum.



## Verkefni:

- AST verði með samlestur á áætlunum og skrifborðsæfingu að minnsta kosti á fjögurra ára fresti.
- AST verði með verkþáttaæfingar fyrir ákveðnar viðbragðsáætlanir annað hvert ár.
- Að áfram verði unnið að uppbyggingu aðgerðastjórnar fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Að aðgerðastjórn nýti krafta sína og aðstöðu fyrir dagleg verkefni, svo sem gerð viðbragðsáætlana.
- Að aðgerðastjórn auki samstarf við aðra aðila sem geta komið beint og óbeint að verkefnum á höfuðborgarsvæðinu, svo sem Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sóttvarnalækni umdæmisins, Isavia, Faxaflóahafnir, heilbrigðiseftirlit o.s.frv.

## 5.3 Önnur verkefni

- Þátttaka í gerð orðalista fyrir almannavarnir sem mun meðal annars nýtast neyðarstjórnnum sveitarfélaganna.
- Að sjá til þess að endurreisnarteymi verði hluti af viðbragðsáætlun sveitarfélaganna og því liður í aðgerðum sveitarfélaganna til að bregðast við vá.
- Vinna lista yfir samfélagslega mikilvæga innviði á svæðinu.

## 5.4 Fræðsla og forvarnir til almennings

Í sjöundu. grein laganna er talað um verkefni ríkislögreglustjóra á sviði almannavarna. Þriðja málsgrein segir:

*Ríkislögreglustjóri skipuleggur forvarnir og almenningsfræðslu á sviði almannavarna, svo og fræðslu einkaaðila, stjórnvalda og almennings um skipulag almannavarnakerfisins eftir því sem þurfa þykir. Auk þess annast ríkislögreglustjóri þjálfun og fræðslu á sviði almannavarna.*

Þrátt fyrir að þetta sé hlutverk ríkislögreglustjóra er mikilvægt að almannavarnanefndin og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sinni einnig fræðslu og forvörnum til íbúa á þeirra svæði í samstarfi við ríkislögreglustjóra.

Rauði krossinn á Íslandi hefur kynnt verkefnið „3 dagar“ fyrir grunnskólanemum í 5.–7. bekk. Hægt væri að kynna það fyrir almenningi ásamt öðrum verkefnum sem eru í gangi á svæðinu.



## Verkefni:

- Að halda almannavarnadaga á höfuðborgarsvæðinu að minnsta kosti einu sinni á tímabilinu og kynna þá starfsemi viðbragðsaðila svæðisins fyrir almenningi ásamt því að vinna að því að gera fólk meðvitað um sitt hlutverk á vátímum.
- Að styðja Rauða krossinn við kynningu á verkefninu „3 dagar“ á höfuðborgarsvæðinu.

## 5.5 Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna á landsvísu

Í V. kafla núgildandi laga um almannavarnir er fjallað um samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna fyrir allt landið. Í 4. mgr. 12. gr. kemur fram að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa í samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna.

*„Samhæfingar- og stjórnstöð lýtur ellefu manna stjórn sem ráðherra skipar. Formaður stjórnar skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæsla Íslands, landlæknir, stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, stjórn samræmdrar neyðarsvörunar, Rauði kross Íslands, Flugstoðir og stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar tilnefna hver sinn fulltrúa í stjórnina og skulu þeir valdir úr hópi þeirra sem taka virkan þátt í starfi samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar. Auk þess tilnefnir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa .“*

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins ákvað að tilnefna fulltrúa slökkviliðsins í samhæfingar- og stjórnstöð að höfðu samráði við almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur farið þess á leit við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins að manna þeirra sæti.



## 6. Neyðarstjórnir sveitarfélaganna

Hvert og eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu hefur komið á fót neyðarstjórn sem hefur það hlutverk að stýra starfsemi sveitarfélagsins á neyðartímum og hefja endurreisn.

Neyðarstjórn er ætlað að styðja og styrkja aðgerðir einstakra sveitarfélaga með samræmingu, upplýsingum og boðleiðum.

Öll sveitarfélögin skipa neyðarstjórn með erindisbréfi með skipunartíma eitt kjörtímabil sem skilgreinir hlutverk og tilgang neyðarstjórna og liggur sú skipan til grundvallar mönnum neyðarstjórna.

Neyðarstjórnirnar starfa bæði á hefðbundnum tímum og almannavarnatímum.

Neyðarstjórnirnar eru skipaðar starfsmönnum sveitarfélagsins sem koma að samfélagslega mikilvægum innviðum.

Mikilvægt er að tryggja að ákvörðunarvald og stjórnun liggja áfram hjá sveitarfélaginu til að tryggja forgangsroðun, styrkja tengsl á milli ólíkra verkþátta og tengja og samræma starf sveitarfélaganna með hagsmuni íbúanna allra að leiðarljósi.

Það getur skipt sköpum um árangur að starfað sé samkvæmt einföldum boðleiðum og vel skilgreindu ákvörðunarferli. Einnig er mikilvægt að neyðarstjórnir nái að virkja sveitarfélögin til þátttöku og samstarfs um þennan málaflokk. Neyðarstjórn þarf að hafa umboð til þess að taka ákvarðanir á neyðarstundu til þess að koma í veg fyrir manntjón, eignatjón og halda ákveðinni starfsemi gangandi. Taka verður tillit til bakgrunns sveitarstjórnarmanna og þess að þeir eru ekki vanir að vinna í aðgerða- eða vettvangsstjórnunum.

Sveitarfélögin vinna nú að viðbragðsáætlunum um hvernig hægt er að halda starfsemi sveitarfélaganna gangandi þrátt fyrir neyð. Verkefnið er eitt af þeim sem fjallað er um í kafla um viðbragðsáætlanir. Á neyðartímum starfa neyðarstjórnir sveitarfélaganna samkvæmt þeim.

### Verkefni:

- Skipa neyðarstjórnir með erindisbréfum fyrir núverandi kjörtímabil.
- Bjóða nýju fólki í neyðarstjórnunum upp á fræðslu um hlutverk og tilgang neyðarstjórna.
- Æfingar fyrir neyðarstjórnir annað hvert ár.
- Fræðsla til almannavarnanefndar og neyðarstjórna annað hvert ár.
- TETRA-prófanir og -æfingar.

### 6.1 Vinnuhópur neyðarstjórna

Á fundi almannavarnanefndar 18. desember 2015 var eftirfarandi bókað:

*„AHS felur Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins að leiða áfram vinnuhóp tengiliða neyðarstjórna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og að áfram sé unnið að því að styrkja neyðarstjórnirnar, meðal annars með gerð sameiginlegra viðbragðsáætlana og gátlista, ásamt aukinni samræmingu, þjálfun og samstarfi. Með vinnuhópnum starfa fulltrúar SSH og LRH.“*

Með þessari bókun er vinnuhóp tengiliða neyðarstjórna sveitarfélaganna á svæðinu gefið umboð til að leiða áfram starf til að styrkja neyðarstjórnirnar á svæðinu.

Vinnuhópur tengiliða starfar einungis utan aðgerða. Hann hittist á vetrarmánuðum einu sinni í mánuði og skipuleggur fræðslu og fundi með aðilum sem sinna mikilvægum innviðum.

Undirbúningur og vinnsla eftirfarandi verkefna eru m.a. hlutverk vinnuhóps neyðarstjórna.





## Verkefni:

- Neyðarstjórnir tilnefna fulltrúa í vinnuhóp neyðarstjórna.
- Vinna upplýsingablað um hlutverk og tilgang fulltrúa í neyðarstjórn.
- Stuðningur og aðstoð við neyðarstjórnir sveitarfélaganna.
- Vinnuhópur neyðarstjórna fundar einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina.
- Vinnuhópur gerir grein fyrir sínum verkefnum að minnsta kosti árlega og leggur fram verkefna- og framkvæmdaáætlun.
- Fræðslufundir fyrir upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna eru haldnir annað hvert ár.
- Uppfæra tengiliðalista yfir upplýsingafulltrúa árlega.
- Skoða neyðarstjórnunarforrit og hugbúnað til að halda utan um verkefni og áætlanir.
- Mögulega bjóða upp á æfingar fyrir stofnanir sveitarfélaganna.
- Bjóða upp á fræðslufundi um ákveðið viðfangsefni tvisvar sinnum á ári.
- Upplýsingafundir fyrir nýtt fólk í almannavarnanefnd skulu haldnir eigi síðar en sex mánuðum eftir að ný nefnd hefur verið skipuð.
- Vinna upplýsingablað fyrir fulltrúa í almannavarnanefnd sem tilgreinir hlutverk, markmið og tilgang.
- Að vinna lista yfir bjargir sveitarfélaganna um búnað, tæki og tól vegna flóða.
- Yfirfara atvik sem koma upp og læra af þeim.





## 7. Þjónustumiðstöð

Í 14. gr. V. kafla laga um almannavarnir er talað um tímabundna stofnun og rekstur þjónustumiðstöðvar. Ríkislögreglustjóra er heimilt, þegar hættu ber að garði eða þegar hún er um garð gengin, að stofna tímabundið þjónustumiðstöð vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands. Verkefni slíkrar miðstöðvar skulu m.a. felast í upplýsingagjöf til almennings og þjónustu við þá aðila sem hafa orðið fyrir tjóni og hin tiltekna hætta hefur haft önnur bein áhrif á. Almennigur hafi aðgang að einni miðstöð til að afla sér upplýsinga um atriði er tengjast hættuástandinu. Einnig á miðstöðin að annast samskipti við fjölmiðla í samvinnu við hlutaðeigandi almannavarnanefndir ásamt því að veita þjónustu til að létta undir með viðbragðsaðilum, t.d. með áfallahjálpar og svörum við fyrirspurnum um bætur vegna eignatjóns. Leitað verði eftir samvinnu við sérfræðinga, t.d. félagsfræðinga, sálfræðinga og lögfræðinga, til að veita nauðsynlega þjónustu.

Í 3. mgr. segir:

*„Ráðuneyti og sveitarfélög, þar með taldar undirstofnanir þeirra, skulu veita hinni tímabundnu þjónustumiðstöð lið við miðlun upplýsinga og þjónustu. Haft skal samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um starfsemi þjónustumiðstöðvar samkvæmt þessari grein.“*

**Verkefni:**

**Eftirfarandi verkefni þarf að undirbúa og skipuleggja varðandi opnun og starfsemi þjónustumiðstöðvar:**

- Að sveitarfélögin ákveði hvaða byggingar séu heppilegar undir slíka þjónustumiðstöð innan síns sveitarfélags. (unnið í samvinnu við viðbragðsaðila).
- Lista upp og undirbúa möguleg verkefni sem geta lent á sveitarfélögunum, sjá t.d. Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum.
- Undirbúa aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu, innleiða þjónustumiðstöð í viðbragðsáætlun.
- Fræðsla til upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna um upplýsingagjöf á vátímum.
- Að samráðshópur áfallahjálpar á höfuðborgarsvæðinu<sup>1</sup> sé virkur og geti tekið þátt í endurreisn og starfi þjónustumiðstöðvar með áfallahjálparteymum/-ráðum sveitarfélaganna.

<sup>1</sup> Samráðshópur áfallahjálpar á höfuðborgarsvæðinu starfar samkvæmt samkomulagi um áfallahjálpar í skipulagi almannavarna á Íslandi.

## 8. Hjálparstarf og hjálparlið

Ríkislögreglustjóra er heimilt að semja við aðra hjálparaðila, skv. 8. grein laga um almannavarnir: „Ríkislögreglustjóra er heimilt að semja við sjálfseignarstofnanir, félagasamtök eða aðra aðila um að þeir skuli annast framkvæmd almannavarna á tilteknu sviði.

*Samningur um framkvæmd aðila á almannavörnum samkvæmt þessari grein er háður samþykki ráðherra“.*

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ásamt almannavarnanefnd hafa gert slíka samninga við Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauða krossinn á Íslandi.

Unnið var samkomulag til fimm ára, bæði á landsvísu og fyrir höfuðborgarsvæðið. Báðir samningarnir voru undirritaðir árið 2012 og því er kominn tími á endurskoðun. Samningurinn á höfuðborgarsvæðinu fjallar um skipan hjálparliðs, boðun þess og aðkomu að aðgerðum. Ekkert er fjallað um kostnað í samningunum.

**Verkefni:**

- Að endurnýja samninga við Rauða krossinn og Slysavarnarfélagið Landsbjörg í takt við endurnýjun á samningum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra við hjálparlið.
- Að yfirfara með hluteigandi aðilum söfnunarsvæði slasaðra og fjöldahjálparstöðvar á svæðinu.
- Að greina þarfir hjálparaðila sem starfa á höfuðborgarsvæðinu um aðstoð og stuðning og leggja fyrir almannavarnanefndina.





## 9. Valdheimildir á hættustundu

Í VIII. kafla laga um almannavarnir er meðal annars fjallað um fjárhagslegar kvaðir sveitarfélaga. 25 gr. fjallar um skyldu sveitarfélaga og stofnana ríkisins til að ljá fasteignir og lausafjármuni, eftir því sem við verður komið, til almannavarna án sérstaks endurgjalds.

*„Ráðherra getur þegar hættu ber að garði, ákveðið að taka leigunámi fasteignir eða lausafé í eigu einkaaðila, í þágu almannavarna, enda komi bætur fyrir eftir samkomulagi eða á grundvelli mats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt á hættustundu að ljá til almannavarna fasteignir og lausafjármuni, eftir því sem við verður komið, án sérstaks endurgjalds.*

*Heimild skv. 1. mgr. felur enn fremur í sér að gera má hverjar þær breytingar á viðkomandi fasteignum eða lausafjármunum sem þörf er á til að þær komi að tilætluðum notum í þágu almannavarna“.*

Í 26. gr. er fjallað um að það sveitarfélag sem fólk er flutt frá í hættuástandi greiði kostnað vegna húsnæðis og fæðis en eigi kröfu um endurheimt á hendur þeim sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

*„Ríkislögreglustjóra er heimilt, ef brýna nauðsyn ber til, að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól og annan viðurgjörning eftir því sem aðstæður krefjast.*

*Sveitarfélag sem flutt er frá greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.“*

### Verkefni:

- Sveitarfélögin tilgreini þær fasteignir sem nýtast á hættustundu, t.d. skóla, íþróttamannvirki o.fl. Unnið í samvinnu við Rauða krossinn á Íslandi.
- Á fundi almannavarna skal taka til umræðu kröfu um endurheimtu á kostnaði þess sveitarfélags sem flutt er frá. Huga þarf að tímaramma og samræmingu milli sveitarfélaga.

## 10. Skipting kostnaðar vegna almannavarna

Í X. kafla laga um almannavarnir er fjallað um skiptingu kostnaðar vegna almannavarna. Í 32. gr. er tilgreint að kostnaður vegna verkefna sveitarfélaganna samkvæmt IV. og VI. kafla greiðist af sveitarfélögum.

*„Kostnaður vegna skyldna ríkisins skv. II., III., VI. og IX. kafla laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður vegna verkefna sveitarfélaganna skv. IV. og VI. kafla greiðist af hálfu sveitarfélaga. Ef sveitarfélög hafa samstarf um skyldur sínar samkvæmt þessum lögum þá skal skipta kostnaði á milli þeirra samkvæmt íbúatölu.“*

Á höfuðborgarsvæðinu er kostnaði vegna almannavarnatengdra verkefna sveitarfélaganna skipt niður á sveitarfélögin út frá íbúatölu.





# 11. Framkvæmdaáætlun

2019 – 2022

Verkefni sem eru alltaf í vinnslu og eiga við öll árin sem starfsáætlunin nær til.

## Áætlanagerð

- Áætlanir séu æfðar samkvæmt áætlun með öllum tilheyrandi aðilum.
- Áætlanir séu yfirfarnar samkvæmt áætlun og nýjar unnar eftir þörfum.
- Boðunarlistar séu uppfærðir eins oft og þörf krefur og að minnsta kosti árlega.

## Áætlanir sem uppfæra þarf á tímabilinu:

- Hvalfjarðargöng.
- Heimsfaraldur inflúensu á landsvísu og sveitarfélagsvísu.
- Reykjavíkurlugvöllur.
- Viðbragðsáætlun sóttvarna – hafnir og skip.

## Önnur verkefni

- TETRA-prófanir og -æfingar.
- Neyðarstjórnir tilnefna fulltrúa í vinnuhóp neyðarstjórna.
- Stuðningur og aðstoð við neyðarstjórnir sveitarfélaganna.
- Vinnuhópur neyðarstjórna fundar einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina.
- Vinnuhópur gerir grein fyrir sínum verkefnum að minnsta kosti árlega og leggur fram verkefna- og framkvæmdaáætlun.
- Uppfæra tengiliðalista yfir upplýsingafulltrúa árlega.
- Mögulega bjóða upp á æfingar fyrir stofnanir sveitarfélaganna.
- Bjóða upp á fræðslufundi um ákveðið viðfangsefni tvisvar sinnum á ári.
- Yfirfara atvik sem koma upp og læra af þeim.
- Samráðshópur áfallahjálpar á höfuðborgarsvæðinu<sup>2</sup> er virkur og getur tekið þátt í endurreisn og starfi þjónustumiðstöðvar með áfallahjálparteymum/-ráðum sveitarfélaganna.

<sup>2</sup> Samráðshópur áfallahjálpar á höfuðborgarsvæðinu starfar samkvæmt samkomulagi um áfallahjálp í skipulagi almannavarna á Íslandi.





## 2019

- Halda áfram áhættuminnkandi aðgerðum til að draga úr þeim hættum sem hættumatið 2014 tók til.
- Kortleggja helstu svæði sem verða illa úti í vatnsveðrum, huga að fráveitumálum og fá þá aðila sem sinna þeim að borðinu. Endurmeta líkur og afleiðingar af flóðum, yfirfara viðbúnað og þann búnað sem til er og kanna þörfina á frekari búnaði.
- Styðja Rauða krossinn við kynningu á verkefninu „3 dagar“ á höfuðborgarsvæðinu.
- Hópslysaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Rýmingaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Viðbragðsáætlun sveitarfélaganna, neyðarstjórnir.
- Þátttaka í gerð orðalista fyrir almannavarnir sem mun meðal annars nýtast neyðarstjórnunum sveitarfélaganna.
- Áfram verði unnið að uppbyggingu aðgerðastjórnar fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Aðgerðastjórn nýti krafta sína og aðstöðu í dagleg verkefni, svo sem gerð viðbragðsáætlana.
- Æfing neyðarstjórna.
- Vinna upplýsingablað um hlutverk og tilgang fulltrúa í neyðarstjórn.
- Fræðslufundir fyrir upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna.
- Skoða neyðarstjórnunarforrit og hugbúnað til að halda utan um verkefni og áætlanir.
- Vinna lista yfir bjargir sveitarfélaganna um búnað, tæki og tól vegna flóða.
- Sveitarfélögin ákveði hvaða byggingar séu heppilegar undir þjónustumiðstöð. Unnið í samvinnu við viðbragðsaðila.
- Endurnýja samninga við Rauða krossinn og Slysavarnarfélagið Landsbjörg í takt við endurnýjun á samningum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra við hjálparlið.
- Yfirfara með hluteigandi aðilum söfnunarsvæði slasaðra og fjöldahjálparstöðvar á svæðinu. Unnið í samvinnu við Rauða krossinn á Íslandi.
- Sveitarfélögin tilgreini þær fasteignir sem nýtast á hættustundu, t.d. skóla, íþróttamannvirki o.fl.

## 2020

- Sjá til þess að endurreisnarþeymi verði hluti af viðbragðsáætlun sveitarfélaganna og því liður í aðgerðum sveitarfélaganna til að bregðast við vá.
- Aðgerðastjórn auki samstarf við aðra aðila sem geta komið beint og óbeint að verkefnum á höfuðborgarsvæðinu, svo sem Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sóttvarnalækni umdæmisins, Isavia, Faxaflóahafnir, heilbrigðiseftirlit o.s.frv.
- Vinna lista yfir samfélagslega mikilvæga innviði á svæðinu.
- Kortleggja möguleg áhrif af árásum á samfélag okkar af völdum hryðjuverka og annarra mannanna verka, t.d. netárása á mikilvægar stofnanir sem verða að vera með órofna starfsemi.
- Fræðsla til almannavarnanefndar og neyðarstjórna.
- Lista upp og undirbúa möguleg verkefni sem geta lent á sveitarfélögunum, sjá t.d. Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum.
- Ræða á fundi almannavarna kröfu um endurheimtu á kostnaði þess sveitarfélags sem flutt er frá. Huga þarf að tímaramma og samræmingu milli sveitarfélaga.
- Vinna upplýsingablað fyrir fulltrúa í almannavarnanefnd sem tilgreinir hlutverk, markmið og tilgang fulltrúa í almannavarnanefnd.
- AST verði með samlestur á áætlunum og skrifborðsæfingu að minnsta kosti á fjögurra ára fresti.
- Greina þörf hjálparaðila sem starfa á höfuðborgarsvæðinu fyrir aðstoð og stuðning og leggja fyrir almannavarnanefnd.



## 2021

- Halda almannavarnadaga á höfuðborgarsvæðinu að minnsta kosti einu sinni á tímabilinu og kynna starfsemi viðbragðsaðila svæðisins fyrir almenningi ásamt því að vinna að því að gera fólk meðvitað um sitt hlutverk á vátímum.
- Æfing neyðarstjórna.
- Fræðslufundir fyrir upplýsingafulltrúa sveitarfélaganna.
- Yfirfara með hluteigandi aðilum söfnunarsvæði slasaðra og fjöldahjálparstöðvar á svæðinu. Unnið í samvinnu við Rauða krossinn á Íslandi.
- Sveitarfélögin tilgreini þær fasteignir sem nýtast á hættustundu, t.d. skóla, íþróttamannvirki o.fl.
- Endurskoða hættumat frá 2014. Þeirri vinnu skal vera lokið eigi síðar en á síðasta ári tímabilsins eða 2022.
- Áhrif loftslagsmála í víðtækum skilningi verða tekin inn í nýtt hættumat og m.a. skoðuð áhrif öfga í veðráttu.
- Undirbúa aðkomu sveitarfélaganna að undirbúningi og skipulagningu opunar og starfsemi þjónustumiðstöðvar og innleiða hana í viðbragðsáætlun.

## 2022

- Hefja undirbúning að nýrri starfsáætlun fyrir næsta kjörtímabil. Hún verði samþykkt eigi síðar en sex mánuðum eftir kosningar.
- Fræðsla til almannavarnanefndar fari fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að hún hefur verið skipuð.
- Fræðsla til neyðarstjórna fari fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að þær hafa verið skipaðar.
- Neyðarstjórnir skipaðar með erindisbréfum fyrir núverandi kjörtímabil.
- AST verði með verkþáttaæfingar fyrir ákveðnar viðbragðsáætlanir annað hvert ár.
- Fræðsla til almannavarnanefndar og neyðarstjórna.







**Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins**

**Febrúar 2019**